



## Fjórði fundur skólaráðs Öldutúnsskóla skólaárið 2012 til 2013

**haldinn 05.03.2013. kl. 08:10**

Fundarstjóri og ritari: Erla Guðjónsdóttir.

Mættir: Erla Guðjónsdóttir – skólastjóri, Jón Guðmar Jónsson – fulltrúi grenndarsamfélags, Guðrún Einarsdóttir – fulltrúi kennara, Eva Egilsdóttir – fulltrúi kennara. Sigurveig Þormar – fulltrúi annarra starfsmanna, Halldóra Hinriksdóttir – fulltrúi foreldra og Ingibjörg Gunnarsdóttir – fulltrúi foreldra. Elfa Rún Björnsdóttir – fulltrúi nemenda og Óli Gunnar Gunnarsson – fulltrúi nemenda, Hanna Þráinsdóttir – fulltrúi nemenda.

Forföll: Valdimar Víðisson, aðstoðarskólastjóri

### Dagskrá:

#### 1. Skóladagatal skólaársins 2013 til 2014:

Skólaráð Öldutúnsskóla staðfestir með undirskriftum að það hefur fjallað um dagatal skólans fyrir skólaárið 2013 til 2014 og samþykkir það eins og það liggur fyrir. Skólasetning, skólaslit, vetrarleyfi, skipulagsdagur utan skólatíma og á skólatíma eru samkvæmt samræmingu fræðsluyfirvalda bæjarins. Foreldraviðtalsdagur og aðrir sérmerktir skóladagar (bleikir), skólasetning, skólaslit, prófadagur, þemadagur, öskudagur og jólaskemmtanir eru tíu.

Skólaráð Öldutúnsskóla styður að góðum hefðum sé viðhaldið og 19. desember verði skólahald hjá 8. til 10. bekk með hefðbundnum hætti, þ.e. að bekkirnir séu fullan skóladag samkvæmt stundaskrá og síðan jólaskemmtun með kennurum kvöldið þann 19. desember. Jólaskemmtunin skuli talin til skóladags 20. desember sem er merktur sem jólaskemmtundardagur á dagatali 8. til 10. bekkja.

Umræða var um að það þurfi að hafa samráð atvinnulífs og skólasamfélagsins varðandi þá frídaga á árinu sem börnin hafa. Samfélagið þurfi að taka umræðu hvernig það vill koma á móts við foreldra en það eru samtals 19 dagar á næsta skólaári sem eru annars vinnudagar fólks og börnin í leyfi.

#### 2. Önnur mál

##### Ný aðalnámskrá

Skólastjóri fór lýsti í stuttu máli þeirri vinnu sem kennarar og stjórnendur skólans hafa verið að vinna við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Á vorönn sl. Skólaár og í vetur hafa kennarar unnið í hópum við að móta markmið og leiðir varðandi menntastöðirnar sex sem eru Læsi, sjálfbærni, mannréttindi og lýðræði, heilbrigði og velferð, sköpun og jafnrétti. Næsta skólaár verður unnið að breytingum á námskrá skólans varðandi hverja námsgrein fyrir sig og námsmat. Tímabært verður að upplýsa foreldra um gang þessarar vinnu og er horft til aðalfundar Foreldrafélags Öldutúnsskóla sem er í upphafi skólaárs.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið klukkan 08:50

Erla Guðjónsdóttir